



Predikun
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í Þingeyrarkirkju
25. júlí 2004

Í guðspjalli dagsins var Jesús með fólkinu sem hafði ekkert til matar; hann vildi ekki láta það fara fastandi heim; það gæti örmagnast á leiðinni því margir væru komnir langt að.

Hann tók brauðin sjö og fáeina fiska og lærisveinarnir báru til fólksins; allir neyttu og urðu mettir, fjórar þúsundir, en samt voru leifar, sjö körfur.

Þessi frásögn guðspjallsins var eins og margar aðrar okkur nákominn sem vorum hér börn fyrir hálfri öld. Við lásum og lærðum textana um frelsarann og fylgismenn hans, fólkið sem varð á vegi Jesú, sjómennina í bátnum þegar stormur brást á.

Einhvern veginn fannst okkur þetta vera frásagnir um okkar fólk, svo líkt mannlífinu hér á Þingeyri, fiskur og brauð, að fara niður á bryggju og fá í soðið, koma við hjá Höskuldi í Bakaríinu, að sjá karlana fara á sjóinn og stundum minnst þeirra sem drukknað höfðu.

Alþýðan í guðspjöllunum var svo lík íbúunum í Dýrafirði að í hugum okkar voru Betlehem og Nasaret, Jerúsalem og Galílea jafnvel í næsta nágrenni, hluti af okkar heimabyggð. Kannski var það vegna þess okkur fannst altaristaflan í Þingeyrarkirkju færa okkur Jesúm í Dýrafjörðinn og ungmennin í skikkjunum – hvítri, blárri og rauðri, fánalitunum – voru svo íslensk, gátu reyndar verið við sjálf.

Mér hefur löngum fundist það táknrænt fyrir hve trúin var samofin örlögum fólksins á Þingeyri og við Dýrafjörð, hvernig hún var jarðvegur vonar og gleði, huggunar í harmi, tryggðar sem tengdi alla saman, að kjörgripur kirkjunnar, altaristaflan, fyrsta listaverkið sem við kynntumst ung, skyldi vera Jesús Kristur í Dýrafirði, fjöllin og fjörðurinn musteri hans og helgidómur.

Biblían var fólkinu hér kær texti, afa mínum og nafna dagleg hvatning; hann las hana alla nánast á hverju ári og minningarnar um stundirnar þegar hann lá á dívaninum á dimmum vetrarkvöldum með Biblíuna í hendi þegar stormurinn skók litla húsið á Balanum og hríðin huldi þorpið að mestu – slíkar minningar eru vitnisburður um hve samofin kristin trú var lífi fólksins.

Trúnaður ömmu og afa var mestur við þessa kirkju; hún var þeim heilagt vé og þau þjónuðu henni vel. Amma hélt henni hreinni og þreif olíulampana áður en rafmagnið kom og afi var hér meðhjálpari í áratugi; hátíðleg athöfn að morgni messudags þegar presturinn hringdi til að segja honum hvaða sálmar yrðu sungnir svo að afi gæti sett upp rétta númeraröð úti í kirkju.

Þeir mættu fyrstir, hann og Baldur organisti, félagi hans úr smiðjunni, og svo kom kórinn, mektarfrúr og lagvísir karlar; Milla Sigmunds söng hér enn þegar við komum fyrir sex árum með Margréti Danadrottningu og Henrik prins í Þingeyrarkirkju; í fyrsta sinn í gervallri sögu Íslands sem dönsk drottning kom í vestfirsku kirkju; konungarnir forfeður hennar í margar aldir höfðu ekki heldur gengið inn gólfíð í guðshúsi hér vestra. Þingeyrarkirkja varð á þeirri stundu konungleg kirkja, eins og hún hafði reyndar alltaf verið í hugum okkar, musteri og heilagt hús.

Mér fannst gaman að geta komið með Margréti og Henrik hingað til ykkar því það var af minni hálfu örlítil þakkargjörð fyrir allt það sem þessi fagra kirkja hefur fært mér, minningar um sorg og gleði fjölskyldunnar, stundina þegar við pabbi færðum kirkjunni altarisdúkinn eftir að mamma dó, altarisdúkinn sem hún saumaði sem áheit á Þingeyrarkirkju þegar almættið gaf henni líf á árum áður í grimmri baráttu við berklana, hvíta dauðann, baráttu sem hófst þegar hún var send héðan unglingsstúlka á Hælið fyrir sunnan.

Það varð mér mikil gæfa að alast hér upp, fá vestfirskan anda í veganesti, nema návígi mannlífs og náttúrunnar, skynja að örlög allra væru samofin, muna hvernig þorpið á ögurstundu eignaðist eitt hjarta, eina sál.

Fólkið frá Þingeyri hefur fylgt mér á langri leið og stundum á fundum með hefðarmönnum heimsins hef ég skemmt mér við hve margir þeirra hafa minnt mig á karlana í smiðjunni eða bændurna í Haukadal og Hvammi, sjómennina sem sóttu fiskinn á bátum Kaupfélagsins og þá sem gengu vaskir til verka í Íshúsinu.

Og konurnar, hvílíkar kjarnakonur, stjórnuðu í raun öllu sem þær vildu, ólu okkur upp í aga og hlýju og efndu svo til helstu hátíðar

vetrarins, hjónaballs kvenfélagsins sem varð vettvangur samstöðu og gleði, vitnisburður um að einhugurinn var æðri öllum ágreiningi.

Þingeyri hefur í huga mér verið heimur í hnotskurn, gefið mér veganesti sem oft reyndist betra en æðri menntun, rótföst tenging við það sem gefur lífinu gildi, fjársjóður minninga sem enn er mér uppspretta nýrrar reynslu.

Með einlægri þökk kem ég hingað í dag til að taka þátt í gleði og hátíð Þingeyringa, fagna nýjum áfanga í sögu þorpsins og minnst með lotningu alls þess góða fólks sem hér var í blóma lífsins þegar við vorum ung, fólksins sem unni Þingeyri og Dýrafirði af heilum huga, fólksins sem kom hingað í kirkjuna sína á helgum stundum.

Vissulega var oft á brattann að sækja og erfiðleikarnir buguðu marga, þröngt var í bú, lítið um tekjur, aflinn brást eða verðhrun varð úti í heimi. Þá kom sér vel að geta sótt fisk í fjörðinn og vera nægjusöm að öðru leyti.

Það hafa orðið hér stórar sveiflur á langri leið, Gramsverslun og Proppé hurfu og svo líka Kaupfélagið eftir langt blómaskeið, Smiðjan var áður landsþekkt athafnasvæði – en samt er það þannig að margt sem gerist nú á Þingeyri við Dýrafjörð hefði verið draumaveröld í augum okkar sem hér vorum áður ung.

Við urðum árum saman að horfa á steiptan grunninn þar sem átti að koma sundlaug en hún varð aldrei að veruleika. Nú er æsku Dýrafjarðar og íbúum öllum búin glæsileg aðstaða til íþróttar; hér er sundlaug, heilsulind, fagrir garðar prýða þorpið þótt flestir héldu áður að ekki gætu vaxið hér tré, samgöngur við næstu firði greiðar árið um kring, annað en þegar Magnús Amlín flutti mig níu ára á trillu í svarta myrkri um hánótt á aðventunni út í mynna Dýrafjarðar svo að togarinn gæti tekið mig til Ísafjarðar til pabba og mömmu fyrir jólin. Nú er hér aðgangur að upplýsingum um heiminn allan; Dýrafjörður hefur tengst veröldinni á hátt sem við hefðum talið galdri líkast.

Það er margt sem hin nýja öld getur fært firðinum okkar, opnað Þingeyri tækifæri sem áður voru óþekkt, gert að verðmætum víðáttuna, fegurðina, auðlindir náttúrunnar sem hér eru í ríkum mæli.

Verðmætamatið er að breytast og kostir landsbyggðarinnar fyrir framtíð Íslands verða æ fleirum ljósir. Það kann að verða vandi okkar innan fárra ára hvernig nýta beri hin fjölmörgu nýju tækifæri.

Já, margt hefur breyst en margt býr líka í heillandi framtíð. Þingeyrarkirkja er og verður þó áfram á sínum stað, samnefnari merkrar sögu og fyrirheit um nýja tíma, í senn aldin að árum en samt hress í anda,

musteri þorpsins þar sem Jesús heilsar hverjum manni brosandí kominn í Dýrafjörðinn, kirkjan tákni vonar og trúar, huggunar og gleði, áminning um að nýta ævina vel því öllum er okkur afmarkaður ákveðinn tími.

Hér liggja spor eftir afa okkar og ömmur, foreldra og frændfólk, hér hafa Þingeyringar sameinast í sorg og í gleði, hér er hið helga vé sem gefið hefur okkur og öllum sem á undan fóru nýja sýn, trú og traust sem gerir okkur kleift að halda áfram þótt í móti blási.

Við þökkum í þögulli bæn en líka með orðum, þökkum allt sem byggðin hefur gefið, þökkum það sem þessi fagra kirkja hefur verið okkur og biðjum guð að verðveita hana og blessa um alla framtíð.